

One Door & Window Tech

Akrýl glugga- og hurðamálning

Efnislýsing

One Door & Window Tech er vatnsþynnanleg, hálfgljáandi akrýl-málning sem notast á ómálaða sem málaða gluggakarma, bæði innan- og utanhúss. One Door & Window Tech veitir hámarksvernd á slétta fleti gluggakarmanna, sem og kanta og horn. One Door & Window Tech er mjög fljótþornandi málning sem þýðir að hægt er að ljúka málun dyra og glugga á einum og sama degi. Einstök samsetning gefur mun betri gljáa og litheldni en hefðbundin gluggamálning.

Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði).

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil.
2. Grunnið alla fletina með Tinova Primer Exterior. Best er ef það er gert fyrir glerjun svo falsinn sé einnig grunnaður.
3. Málið yfir tvær umferðir með One Door & Window Tech.

Endurmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel eftir með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Grámi og fú í viði skal þússa niður uns komið er í niður í eðlilegan viðarlit.
3. Ber viður skal gegndreyptur með með Tinova Wood Base Oil. Síðan er hann grunnaður með Tinova Primer Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir með One Door & Window Tech.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan 6 klukkustunda eftir lok verks.

Heilsufars- og umhverfismál

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: 35

Þurrktími við 23°C/50% raka: 2 klst.

Yfirmálun við 23°C/50% raka: 4 klst.

Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: Við nýmálun 6-8 fermetrar pr. lítra; við

endurmálun 8-10 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra fötur

Stofnar: BW, BM og BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/e) 130 g/l.):

Inniheldur mest 20 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfi

One Super Tech uppfyllir staðla Blómsins og Svansins, sem eru umhverfismerki

Evrópusambandsins og Norrænu ráðherra-

nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á

www.nordic-ecolabel.org. Efnið er einnig

merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.

